

Ed.

219. Frumvarp

til laga um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til að njóta kenslu og ljúka fulln-
aðarprófi í öllum mentastofnunum landsins.

2. gr.

Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til hlutdeildar í styrktarfé því,
sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofn-
anir landsins.

3. gr.

Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlmenn, enda hafa þær og
í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.

4. gr.

Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna
til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og lækna-
skólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.